

Vesturbyggð  
b.t. Óskar Örn Gunnarsson  
Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar  
Aðalstræti 63  
450 Patreksfjörður

Hella 11. júlí 2018  
UST201804-033/J.S.J.  
10.04.03

### **Tillaga að deiliskipulagi – Flókalundur, Vesturbyggð**

Ísland er til erindis skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar er barst 4. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Flókalund í Vatnsfirði innan Vesturbyggðar.

Beðist er velvirðingar á hversu mjög hefur dregist að svara erindinu.

Vatnsfjörður er friðland skv. auglýsingu um friðland í Vatnsfirði nr. 96/1975 í B-deild Stjórnartíðinda. Samkvæmt auglýsingunni er mannvirkjagerð, jarðrask og hvers konar breyting á landi háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Breiðafjörður er verndaður með lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

Fram kemur í tillögu að deiliskipulagi að markmið rekstraraðila Hótels Flókalundar með nýju deiliskipulagi Flókalundar er að möguleiki verði á rekstri allt að 50 herbergja hótels, byggt í áföngum með tilheyrandi stækkun þjónusturýma þ.m.t. starfsmannabyggingum, gestastofu, aðstöðu fyrir afþreyingu s.s. baðhúsi, fuglaskoðunarhúsi og norðurljósaskýlum. Stefnt er að heilsársstarfsemi Hótels Flókalundar. Skilgreint deiliskipulagssvæði er um 10.500m<sup>2</sup> að stærð.

Fráveita skal samræmast reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Þar kemur fram í 2. tl. 9 gr. að veita skuli öllu skólpi annað hvort minnst 5 m niður fyrir stórstraumsfjöruborð eða 20 m út frá meðalstórstraumsmörkum. Í 7. tl. sömu greinar er ákvæði um að ef reynist ómögulegt vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla ákvæði 2. tl. sé heimilt að leggja til aðrar lausnir sem viðkomandi heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi.

Í umsögn Heilbrigðisnefndar Vestfjarða vegna framkvæmdanna árið 2014 voru gerðar athugasemdir á lýsingu sem send var þeim varðandi frárennsli frá hótelinu. Umhverfisstofnun veitti leyfi til framkvæmdanna meðal annars með þeim skilyrðum að úrbætur yrðu gerðar á frárennsli hótelsins í samráði og með samþykki viðkomandi



heilbrigðisnefndar en um var að ræða lausnir varðandi siturlögn eða malarpúða við frárennslisrör.

Óskað var eftir upplýsingum um frágang á frárennsli í kjölfar athugasemdanna árið 2014 og vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í svari rekstraraðila kemur fram að núverandi rotþró sé steinsteypt, þriggja hólfa og taki 30.000 lítra. Hún hafi verið tæmd einu sinni á ári og verið dælt úr henni um 4.000 lítrum af seyru sem flutt hefur verið burt í eyðingu. Langt er út í stórstraumsfjöru í Vatnsfirði (yfir 1000m) vegna þess hve gætir flóðs og fjöru í Breiðafirði. Rör frá frárennsli er 120 m. Frárennsli frá rotþró nær því ekki út fyrir stórstraumsfjöru en er grafið í malarpúða. Áin Penna fjarlægir efni frá rörinu í vorleysingum en það er lagað jafnóðum. Heilbrigðisfulltrúi Vesturbyggðar hefur farið í eftirlitsferðir eftir að umsögnin var gerð árið 2014 og staðfestir að frárennsli frá hótelinu sé fullnægjandi miðað við núverandi kröfur.

Umhverfisstofnun bendir á að með stækkun Hótel Flókalundar má gera ráð fyrir auknum fjölda gesta sem leiðir af sér meira frárennsli frá hóteli og aukinnar notkunar á hreinsiefnum. Umhverfisstofnun hvetur því rekstraraðila til að nota umhverfisvottuð hreinsiefni eins og kostur er og leitast við að draga úr úrgangi og auka flokkun.

Óska skal eftir umsögn heilbrigðisnefndar að nýju áður en farið er í frekari framkvæmdir ef breytingar verða á frárennsli hótelsins vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Vestfjarðarveg.

Stækkun hótelsins mun fela í sér röskun á gróðri þar sem byggt verður en um að ræða lágvaxið kjarr og lyng. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni hafa tímabundið neikvæð áhrif á gróður á nærsvæði, en hafi ekki hafi ekki óásættanleg áhrif á gróður friðlandsins.

Umhverfisstofnun bendir á að hægt er að nálgast leiðbeiningar á vefsvæði stofnunarinnar um rotþrær og siturlagnir.

Virðingarfyllt

JÓN SMÁRI JÓNSSON  
Jón Smári Jónsson  
Sérfræðingur

Edda Kristín Eiríksdóttir  
Edda Kristín Eiríksdóttir  
Sérfræðingur